

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/70/16

frá 20. september 2010

um stýrðan aðgang að næstu kynslóð aðgangsneta (NGA)

(2010/572/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 19. gr.,

Með hliðsjón af álitum evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta (BEREC-hópsins) og fjarskiptanefndarinnar (COCOM),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Innri markaður Evrópusambandsins fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu, einkum þróun háhraða breiðbandsþjónustu, er lykillinn að því að skapa hagvöxt og ná markmiðum stefnumörkunarinnar fyrir Evrópu 2020. Evrópuráðið lagði mikla áherslu á grundvallarhlutverk fjarskipta og útbreiðslu breiðbands m.t.t. fjárfestinga, atvinnusköpunar og endurreisnar efnahagslífsins í heild í Evrópusambandinu í niðurstöðum fundar síns í mars 2009. Eitt af sjö forystuverkefnum Evrópu 2020 er þróun „Stafrænnar áætlunar fyrir Evrópu“ sem var kynnt í maí 2010.
- 2) Með Stafrænni áætlun fyrir Evrópu eru sett markmið um útbreiðslu og notkun hraðs og háhraða breiðbands, og séð fram á ýmsar ráðstafanir til eflingar útbreiðslu næstu kynslóðar aðgangsneta (NGA) sem byggist á ljósleiðara og til stuðnings þeim töluverðu fjárfestingum sem þörf verður fyrir á komandi árum. Tilmæli þessi, sem skoða skal í þessu samhengi, miða að því að stuðla að hagkvæmri fjárfestingu og nýsköpun í nýjum og endurbættum grunnvirkjum að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhættunnar sem öll fyrirtækin sem fjárfesta taka og þarfar á að viðhalda virkri samkeppni, sem er mikilvægur fjárfestingarhvatil til lengdar.

- 3) Landsbundin stjórnvöld eru að þróa stjórnsýsluleg svör skv. 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB við þeim áskorunum sem skapast af umskiptunum frá koparnetum yfir í ljósleiðaranet. Viðkomandi markaðir í þessu sambandi eru markaðir fyrir aðgang að grunnvirki í heildsölu (markaður 4) og aðgang að breiðbandi í heildsölu (markaður 5). Samræmi í stjórnsýslunálgun landsbundinna stjórnvalda er grundvallaratriði til að koma í veg fyrir raskanir á sameiginlega markaðnum og til að skapa réttarvissu fyrir öll fjárfestingarfyrirtæki. Því er rétt að kveða á um leiðbeiningar fyrir landsbundin stjórnvöld svo að koma megi í veg fyrir óviðeigandi sundurleitni í stjórnsýslunálgun en gera landsbundnum stjórnvöldum jafnframt kleift að taka tilhlýðilegt tillit til landsbundinna aðstæðna við mótun viðeigandi úrræða. Þau viðeigandi úrræði sem landsbundin stjórnvöld leggja á skulu endurspegla hófsamlega beitingu meginreglunnar um fjárfestingarstigann.

- 4) Þessi tilmæli taka fyrst og fremst til úrræða sem lögð verða á rekstraraðila sem teljast hafa verulegan markaðsstyrk í samræmi við málsmeðferðina við markaðsgreiningu sem gerð er skv. 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB. Í rökstuddum tilvikum þar sem tvöföldun grunnvirkja er efnahagslega óhagstæð eða efnislega ógerleg geta aðildarríkin þó einnig lagt skyldur á fyrirtæki, sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet í samræmi við 12. gr. þeirrar tilskipunar, um gagnkvæma samnýtingu virkja, sem væri viðeigandi til að komast hjá flöskuhálsi í byggingarverkfræðilegum grunnvirkjum og lúkningsahlutum.
- 5) Reiknað er með að framboðs- og eftirspurnarskilyrði breytist umtalsvert bæði á heildsölu- og smásölustigi í kjölfar útbreiðslu næstu kynslóðar aðgangsneta. Því getur verið þörf á að beita nýjum úrræðum og nýrri samsetningu beinna og óbeinna aðgangsurrræða á mörkuðum 4 og 5.
- 6) Regluvissa er lykill að því að stuðla að hagkvæmum fjárfestingum allra rekstraraðila. Mikilvægt er að beita stöðugri, samræmdri stjórnsýslunálgun til að veita fjárfestum tiltrú við hönnun viðskiptaáætlana sinna. Til að draga úr þeirri óvissu sem fylgir reglubundinni markaðsendurskoðun skulu landsbundin stjórnvöld skýra sem framast er unnt hvernig fyrirsjáanlegar breytingar á markaðsaðstæðum gætu haft áhrif á úrræði.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 251, 25.9.2010, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 32.

(¹) Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

- 7) Þegar ný ljósleiðaranet eru sett upp á nýjum stöðum skulu landsbundin stjórnvöld endurskoða og ef nauðsyn krefur, aðlaga gildandi skuldbindingar til að tryggja að þær gildi óháð þeirri nettækni sem notuð er.
- 8) Útbreiðsla næstu kynslóðar aðgangsneta kann að leiða til mikilvægra breytinga í hagfræði þjónustuveitingar og samkeppnisstöðu.
- 9) Í því samhengi skulu landsbundin stjórnvöld kanna vandlega þau samkeppnisskilyrði sem myndast í kjölfar útbreiðslu næstu kynslóðar aðgangsneta. Landsbundin stjórnvöld skulu skilgreina svæðisbundna, landfræðilega markaði í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/879/EB frá 17. desember 2007 um viðkomandi markaði fyrir vörur og þjónustu á sviði rafrænna fjarskipta sem til álita kemur að lagðar verði á skyldur fyrirfram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu ⁽²⁾ ef þau geta tilgreint með skýrum hætti samkeppnisskilyrði sem á hlutlægan og verulegan hátt eru frábrugðin og haldast stöðug. Við aðstæður þar sem ekki verður ályktað að mismunandi samkeppnisaðstæður réttlæti skilgreiningu svæðisbundinna landfræðilegra markaða, gæti samt sem áður verið viðeigandi að landsbundin stjórnvöld brygðust við mismunandi samkeppnisskilyrðum milli ólíkra svæða innan landfræðilegra afmarkaðs markaðar, t.d. vegna mismunandi grunnvirkja eða rekstraraðila sem byggja á grunnvirkjum, með því að fyrirskipa aðgreind úrræði og aðgangsvörur.
- 10) Umskiptin frá koparnetum yfir í ljósleiðaranet geta breytt samkeppnisskilyrðum á mismunandi landsvæðum og geta kallað á endurskoðun landfræðilegs gildissviðs markaða eða úrræða á mörkuðum 4 og 5 í tilvikum þar sem slíkum mörkuðum eða úrræðum hefur verið skipt upp vegna samkeppni frá sundurgreindum aðgangi að heimitaug.
- 11) Beita skal viðeigandi úrræðum þar sem verulegur markaðsstyrkur fyrirfinnst á markaði 4.
- 12) Aðgangur að byggingarverkfræðilegu grunnvirki er lykilatriði fyrir útbreiðslu samhliða ljósleiðaraneta. Því er mikilvægt að landsbundin stjórnvöld fái nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort og þá hvar stokkar og önnur heimitaugarvirki eru tiltæk í þeim tilgangi að setja upp næstu kynslóðar aðgangsneta. Landsbundin stjórnvöld skulu nota valdheimildir sínar samkvæmt tilskipun 2002/21/EB til að afla allra viðeigandi upplýsinga um staðsetningu, getu og tiltækileika slíkra virkja. Aðrir rekstraraðilar skulu helst eiga þess kost að dreifa ljósleiðaranetum um leið og rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk og deila kostnaði við mannvirkjagerð.
- 13) Það skilar aðeins árangri að gera aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki skyldubundinn ef rekstraraðilinn með verulegan markaðsstyrk veitir eigin frálíggjandi hluta aðgang með sömu skilyrðum og þriðju aðilum sem eru umsækjendur um aðgang. Landsbundin stjórnvöld skulu byggja á eigin reynslu við þróun verklags og verkfæra við sundurgreiningu aðgangs að heimitaug til að koma á nauðsynlegum viðskiptaferlum varðandi pöntun og rekstrarlegan aðgang að mannvirkjum. Krafa um að rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk birti viðunandi viðmiðunartilboð, eins fljótt og við verður komið eftir að umsækjandi um aðgang fer fram á það, er hófleg miðað við það markmið að hvetja til hagkvæmra fjárfestinga og samkeppni í grunnvirkjum. Í slíku viðmiðunartilboði skal tilgreina skilyrði og málsmeðferðarreglur varðandi aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki, þ.m.t. aðgangsgjald.
- 14) Kostnaðartengt verð felur í sér hæfilega arðsemi fjármagns. Þegar fjárfestingar í efnislegum eignum sem ekki er hægt að endurgera, svo sem byggingarverkfræðilegu grunnvirki, eru ekki sérstaklega ætlaðar til útbreiðslu næstu kynslóðar aðgangsneta (og fela ekki í sér sambærilega kerfisbundna áhættu), skal áhættusnið þeirra ekki teljast frábrugðið áhættusniði kopargrunnvirkisins sem fyrir er.
- 15) Eftir því sem unnt er skulu landsbundin stjórnvöld leitast við að tryggja að hönnun nýrrar aðstöðu rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk sé þannig að nokkrir rekstraraðilar geti dreift ljósleiðaralínunum sínum.
- 16) Hvað varðar ljósleiðara heim í hús er venjulega dýrt og óskilvirkt að tvöfalda lúkningarluta ljósleiðaraheimtaugar. Í því skyni að gera varanlega samkeppni í grunnvirkjum mögulega er því nauðsynlegt að veita aðgang að lúkningarluta ljósleiðaragrunnvirkisins sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk hefur dreift. Til þess að tryggja skilvirkan aðgang er mikilvægt að aðgangur sé veittur að því stigi í neti rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk sem gerir nýjum aðilum kleift að ná skilvirki lágmarksstærð til að styðja virka og sjálfbæra samkeppni. Ef nauðsyn krefur er hægt að krefjast sértækra skilflata til að tryggja skilvirkan aðgang.
- 17) Skyldur um gagnsæi og bann við mismunun eru áskildar til að tryggja skilvirkan aðgang að lúkningarlutanum. Ef óskað er eftir því er birting rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk á viðmiðunartilboði með stuttum fyrirvara nauðsynleg til þess að umsækjendur um aðgang geti valið um fjárfestingarkosti.
- 18) Landsbundin stjórnvöld verða að tryggja að aðgangsverð endurspegli þann kostnað sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk ber í raun, að teknu tilhlýðilegu tilliti til fjárfestingaráhættu.

(2) Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 65.

- 19) Net með marga ljósleiðara er hægt að breiða út með örlítið hærri kostnaði en ljósleiðaranet með einum ljósleiðara og það gerir öðrum rekstraraðilum kleift hverjum um sig að stýra eigin tengingu við endanlegan notanda. Líklegt er að þau stuðli að varanlegri langtímasamkeppni í samræmi við markmið regluramma Evrópusambandsins. Það er því æskilegt að landsbundin stjórnvöld noti valdheimildir sínar til að greiða fyrir útbreiðslu margra ljósleiðara í lúkningarluta, með sérstöku tilliti til eftirspurnar og kostnaðar.
- 20) Aðrir rekstraraðilar, sem sumir hafa þegar breitt út eigin net til að tengjast sundurgreindri kopartaug rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk, þurfa að fá viðeigandi aðgangsvörur til þess að keppa áfram á sviði næstu kynslóðar aðgangsneta. Hvað varðar ljósleiðara heim í hús getur verið um að ræða aðgang að byggingarverkfæðilegu grunnvirki, að lúkningarluta, að sundurgreindri heimtaug (þ.m.t. svartir þræðir) eða heildsölubreiðbandsaðgang, eftir því sem við á. Þar sem úrræði fyrir markað 4 leiða til virkrar samkeppni á samsvarandi fráliggjandi markaði, á öllum markaðinum eða á tilteknum landsvæðum er hægt að afturkalla önnur úrræði á markaðinum eða viðkomandi svæðum. Slík afturköllun væri við hæfi, ef t.d. árangursrík beiting úrræða um efnislegan aðgang gerðu frekari bitastraumsúrræði óþörf. Ennfremur er hugsanlegt í undantekningartilvikum að landsbundin stjórnvöld leggi ekki á kvöð um sundurgreindan aðgang að heimtaug á landsvæðum þar sem mismunandi grunnvirki eru til staðar, svo sem ljósleiðarakerfi heim í hús og/eða kapalkerfi, ásamt samkeppnishæfum aðgangstilboðum á grundvelli sundurgreiningar, og því líklegt að virk samkeppni myndist á síðari stigum.
- 21) Skuldbindingar sem lagðar eru á skv. 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB byggjast á eðli vandamálsins sem greint hefur verið, án tillits til tækni eða þeirrar högunar sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk notar. Því skal það hvort rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk kemur upp netskipan sem byggir á fastasamböndum eða fjölddreifingu ekki í sjálfu sér hafa áhrif á val úrræða, með tilliti til aðgengis að nýrri sundurgreiningartækni til að fást við möguleg tæknileg vandamál sem þetta varða. Landsbundin stjórnvöld skulu geta samþykkt ráðstafanir vegna umbreytingatímabils sem fyrirskipa að boðið skuli upp á aðrar aðgangsvörur sem komast næst því að bjóða upp á efnislega sundurgreiningu svo framarlega sem þeim fylgja verndarráðstafanir sem best eru til þess fallnar að tryggja jafngildan aðgang og virka samkeppni⁽³⁾. Landsbundin stjórnvöld skulu í öllum tilvikum fyrirskipa efnislega sundurgreiningu um leið og það er tæknilega og viðskiptalega mögulegt.
- 22) Þar sem sundurgreindur aðgangur að ljósleiðaraheimtaug er fyrirskipaður, skal breyta gildandi viðmiðunartilboði um sundurgreindan aðgang að heimtaug, þannig að það taki til allra viðeigandi aðgangsskilyrða, þ.m.t. fjárhagslegra skilyrða með tilliti til sundurgreiningar ljósleiðaraheimtaugar, skv. II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB ⁽⁴⁾. Slík breyting skal birt án óþarfa tafar til að skapa nauðsynlegt gagnsæi og öryggi við skipulag fyrir umsækjendur um aðgang.
- 23) Útbreiðsla ljósleiðara heim í hús hefur vanalega í för með sér töluverða áhættu, þar sem kostnaður á heimili við útbreiðslu er hár og enn er takmörkuð smásöluþjónusta sem þarfnast betri eiginleika (svo sem meiri hraða) sem er aðeins hægt að veita um ljósleiðara. Fjárfestingar í ljósleiðara eru vegna afskrifta háðar upptöku nýrrar þjónustu sem veitt er um næstu kynslóðar aðgangsneta til skamms eða meðallangs tíma. Í þeim tilgangi að ákveða aðgangsverð skal fjármagnskostnaður rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk endurspeglu aukna áhættu við fjárfestingu miðað við fjárfestingu í núverandi netum sem byggð eru á kopar.
- 24) Dreifing áhættu við útbreiðslu kann að leiða til tímanlegri og skilvirkari útbreiðslu næstu kynslóðar aðgangsneta. Landsbundin stjórnvöld skulu því meta verðlagningaráætlanir sem rekstraraðilar með verulegan markaðsstyrk leggja fram til þess að dreifa fjárfestingaráhættunni.
- 25) Þar sem rekstraraðilar með verulegan markaðsstyrk bjóða aðgang að sundurgreindri ljósleiðaraheimtaug á lægra verði í skiptum fyrir fyrirframskuldbindingar vegna langtíma- eða umfangsmikilla samninga, skal ekki líta svo á að þeir feli í sér óréttmæta mismunun hafi landsbundin stjórnvöld fullvissað sig um að lægra verðið endurspeglar raunlækkun á fjárfestingaráhættu. Landsbundin stjórnvöld skulu þó sjá til þess að slíkt fyrirkomulag verðlagningar leiði ekki til verðþrýstings sem kæmi í veg fyrir skilvirkan markaðsaðgang.
- 26) Hægt er að sýna fram á verðþrýsting með því að sýna að fráliggjandi rekstur rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk gæti ekki hagnast á viðskiptum á grundvelli aðliggjandi verðs sem lagt er á samkeppnisaðila hans af aðliggjandi rekstarhluta rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk (prófun „jafnskilvirks samkeppnisaðila“) . Að öðrum kosti er einnig hægt að sýna fram á verðþrýsting með því að sýna fram á að munurinn á milli þess verðs sem lagt er á samkeppnisaðila á aðliggjandi markaði fyrir aðgang og verðið sem fráliggjandi hluti rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk leggur á á fráliggjandi markaði nægir ekki til að þjónustuveitandi, sem raunhæft er að ætla að sé skilvirkur á fráliggjandi markaði, hagnist eðlilega (prófun samkeppnisaðila sem raunhæft er að ætla að sé skilvirkur). Í samhengi við verðlagshömlur

⁽³⁾ Sjá einnig forsendu 60 í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/140/EB (Stjtið. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 37).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

- fyrirfram sem miða að því að viðhalda virkri samkeppni milli rekstraraðila sem njóta ekki sömu stærðar- og breiddarhagkvæmni og hafa ólíkan neteiningakostnað, mun prófun „samkeppnisaðila sem raunhæft er að ætla að sé skilvirkur“ yfirleitt eiga betur við. Ennfremur skal mat á verðþrýstingi framkvæmt á viðeigandi tímabili. Til þess að auka fyrirsjáanleika skulu landsbundin stjórnvöld tilgreina fyrirfram með skýrum hætti þá aðferðafræði sem þau munu fara eftir við tilreikningsprófið, mæliþætti sem notaðir verða ásamt tilhögun við úrbætur ef sýnt er fram á verðþrýsting.
- 27) Með netum sem byggjast á mörgum ljósleiðurum er tryggt að umsækjendur um aðgang geti öðlast fulla stjórn á ljósleiðaralínunum án þess að þurfa að tvöfalda miklar fjárfestingar eða eiga á hættu mismunun vegna fyrirskipaðrar sundurgreiningar stakra ljósleiðara. Líklegt er því að net sem byggjast á mörgum ljósleiðurum hafi í för með sér tímanlegri og meiri samkeppni á fráliggjandi markaði. Sameiginleg fjárfesting í næstu kynslóðar aðgangsnetum getur lækkað bæði kostnað og áhættu fjárfestingarfyrirtækis, og getur því leitt til umfangsmeiri útbreiðslu ljósleiðara heim í hús.
- 28) Fyrirkomulag um sameiginlega fjárfestingu í ljósleiðara heim í hús sem byggist á mörgum ljósleiðurum getur við tiltekna aðstæður leitt til skilvirkrar samkeppni á landsvæðum sem sameiginlega fjárfestingin nær til. Þessi skilyrði tengjast einkum fjölda rekstraraðila sem um er að ræða, uppbyggingu netsins sem lýtur sameiginlegri stjórn og annars konar fyrirkomulagi milli meðfjárfestanna sem hefur það markmið að tryggja skilvirka samkeppni á fráliggjandi markaði. Við slíkar aðstæður, ef samkeppnisaðstæður á viðkomandi svæðum eru á hlutlægan og verulegan hátt frábrugðnar þeim sem eru ríkjandi annars staðar, getur það réttlætt skilgreiningu aðskilins markaðar þar sem enginn rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk finnst eftir markaðsgreiningu skv. 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB.
- 29) Landsbundin stjórnvöld skulu meta kostnaðinn við sundurgreiningu á heimtaugargrein. Landsbundin stjórnvöld skulu, eftir því sem við á, skipuleggja fyrirframsamráð annarra rekstraraðila sem hafa hugsanlega áhuga á að deila götuskápum, og á þeim grunni ákvarða hvar götuskápar skuli tengdir og hvernig kostnaði skuli deilt.
- 30) Þegar landsbundin stjórnvöld beita úrræðum til sundurgreiningar á heimtaugargrein skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir um greinanet til þess að gera þau úrræði skilvirk. Umsækjendur um aðgang skulu geta valið þá lausn sem á best við þarfir þeirra, hvort sem þeir vilja svartan ljósleiðara (og kopar eftir því sem við á), iðnetsgreinanet eða aðgang að stokkum. Landsbundin stjórnvöld geta, ef nauðsyn krefur, gert ráðstafanir varðandi fullnægjandi stærð götuskápa í eigu rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk.
- 31) Gagnsæi aðgangsskilyrða að heimtaugargreinum verður best tryggt með skráningu þeirra í gildandi viðmiðunartilboð um sundurgreindan aðgang að heimtaug. Miklu skiptir að þessi krafa um gagnsæi eigi við um öll atriði sem nauðsynleg eru til sundurgreiningar á heimtaugargrein, þ.m.t. greinanet og stoðþjónustu til að tryggja samfellu í framboði samkeppnishæfra tilboða. Viðmiðunartilboðið skal innihalda öll verðlagsskilyrði til að gera nýjum aðilum kleift að reikna út viðskiptaáætlanir vegna sundurgreiningar á heimtaugargrein.
- 32) Í samræmi við verðlagningu sundurgreinds aðgangs að heimtaug skal verðlagning allra atriða sem nauðsynleg eru til sundurgreiningar á heimtaugargrein vera kostnaðartengd og samkvæmt nýjustu aðferðum sem notaðar eru til að verðleggja aðgang að sundurgreindri kopartaug. Það að setja ljósleiðara í stað kopars að millidreifipunkti er mikilvæg fjárfesting sem hefur nokkra áhættu í för með sér, jafnvel þótt áhættan sé metin lægri en vegna ljósleiðara heim í hús, a.m.k. á þéttbýlum svæðum, í ljósi hlutfallslegs útbreiðslukostnaðar á hvert heimili sem í hlut á, og óvissu um eftirspurn eftir bættri eða uppfærðri þjónustu.
- 33) Landsbundin stjórnvöld skulu beita meginreglum um bann við mismunun í þeim tilgangi að koma í veg fyrir forskot smásöluhluta rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk. Þeim síðarnefnda skal skylt að uppfæra tilboð sitt um heilðsöluáðgang að bitastraumi áður en hann hleypir af stokkunum nýrri smásöluþjónustu sem byggist á ljósleiðara, til þess að veita rekstraraðilum sem eiga í samkeppni og njóta aðgangs hæfilegan tíma til að bregðast við markaðssetningu slíkra vara. Sex mánuðir teljast hæfilegur frestur til að gera nauðsynlegar breytingar, nema aðrar skilvirkar varðarráðstafanir séu fyrir hendi sem tryggja bann við mismunun.
- 34) Búist er við að heilðsöluvörur fyrir breiðbandsaðgang sem byggja á ljósleiðara geti verið tæknilega útfærðar þannig að meiri sveigjanleiki skapist ásamt auknum þjónustueiginleikum samanborið við bitastraumsvörur sem byggjast á kopar. Til að stuðla að samkeppni á smásöluvörumarkaði er mikilvægt að mismunandi þjónustueiginleikar endurspeglast í mismunandi vörum sem byggjast á stýrðum aðgangi að næstu kynslóðar aðgangsnetum, þ.m.t. þjónustu við fyrirtæki.
- 35) Mismunandi bitastraumsvörur, sem hægt er að auðkenna á síðari stigum út frá til dæmis bandviðd, áreiðanleika, þjónustugæðum eða öðrum mæliþáttum, mætti afhenda um tiltekið næstu kynslóðar aðgangsnæt.

- 36) Ný aðgangsræði þarf að tilgreina nákvæmlega, t.d. með tilliti til tæknilegra forskrifta og skilflata sem notaðir eru við samtengingu ljósleiðaraneta eða m.t.t. umfangs og eiginleika nýrra bitastraumsúræða. Landsbundin stjórnvöld skulu hafa samstarf sína á milli, við alþjóðlegar staðlastofnanir og hagsmunaaðila innan atvinnugreinarinnar um að þróna sameiginlega tæknistaðla í þessu tilliti.
- 37) Þar sem reglum um verðlagningu er beitt fyrirfram skal verð fyrir bitastraumsaðgang í heildsölu fengið með kostnaðartengingu. Landsbundin stjórnvöld geta notað aðrar viðeigandi verðlagshömlunaraðferðir, þ.m.t. mínus frá smásöluverði, þar sem nægilegt samkeppnisaðhald er í fráliggjandi smásöluhluta rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk. Landsbundin stjórnvöld skulu verðleggja mismunandi bitastraumsafurðir á mismunandi hátt að því marki sem unnt er að réttlæta slíkan verðmun með undirliggjandi kostnaði við að veita þjónustu og gera þannig öllum rekstraraðilum kleift að njóta góðs af viðvarandi verðmismun á heildsölu- og smásölustigi. Taka skal viðeigandi tillit til áhættu sem stofnað er til af rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk við ákvörðun verðs fyrir aðgang.
- 38) Raunhæf úrræði varðandi efnislegan aðgang gætu, á tilteknum svæðum, gert álagningu skyldu um heildsölu-aðgang að breiðbandi óþarfa í því skyni að fá fram virka samkeppni á fráliggjandi markaðnum. Landsbundin stjórnvöld geta, einkum þegar rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk hefur lagt ljósleiðaranet heim í hús og skilvirkur aðgangur að sundurgreindri ljósleiðaraheimtaug er aðgengilegur fyrir aðra rekstraraðila (einkum þar sem útbreiðsla er frá punkti til punkts), litið svo á að slíkur aðgangur nægi til að tryggja skilvirka samkeppni á fráliggjandi markaði, einkum á þéttbýlum svæðum. Það að leggja ekki á skuldbindingu um heildsölu-aðgang að breiðbandi við slíkar aðstæður kann að stuðla að meiri hvatningu fyrir alla rekstraraðila til fjárfestinga og tímanlegri útbreiðslu.
- 39) Þar sem reynslan hefur sýnt að aðskilnaður starfsemi eða svipað fyrirkomulag hefur leitt til jafngilds aðgangs fyrir aðra rekstraraðila og fráliggjandi hluta rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk að næstu kynslóðar aðgangsnæmum, og þar sem nægilegt samkeppnisaðhald er við fráliggjandi hluta rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk, hafa landsbundin stjórnvöld meiri sveigjanleika við útfærslu úrræða varðandi heildsölu-aðgang að breiðbandi. Einkum er hægt að láta verð bitastraumsvöru vera háð markaðinum. Nákvæm vöktun ásamt framkvæmd viðeigandi prófunar á verðþrýstingi eins og lýst er hér að ofan væri þó nauðsynleg til að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi niðurstöðu.
- 40) Rekstraraðilar sem þegar hafa aðgang hafa lögmæta hagsmuni af að fá viðeigandi tíma til að undirbúa sig undir breytingar sem munu hafa afgerandi áhrif á fjárfestingar þeirra og viðskipti. Ef viðskiptasamningur er ekki fyrir hendi skulu landsbundin stjórnvöld tryggja

að viðeigandi umbreytingarleið verði komið á. Slík umbreytingarleið skal vera gagnsæ og hönnuð af nauðsynlegri nákvæmni þannig að rekstraraðilar sem hafa þegar aðgang geti undirbúið sig fyrir breytingarnar, þ.m.t. reglur um samstarf sem nauðsynlegt kann að vera milli umsækjenda um aðgang og rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk ásamt nákvæmu úreldingarfyrirkomulagi fyrir samtengipunkta. Núverandi skyldum rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk skal viðhaldið í viðeigandi umbreytingartímabil. Umbreytingartímabilið skal samræmast staðalfjárfestingartímabili vegna sundurgreiningar heimtaugar eða heimtaugargreinar, sem er almennt fimm ár. Þegar rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk veitir jafnan aðgang að aðaltengigrind geta landsbundin stjórnvöld ákveðið styttra tímabil.

- 41) Þar sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk sér fyrir sér að skipta þurfi út hluta af koparaðgangsneti hans með ljósleiðara og hyggst úrelða samtengipunkta sem nú eru í notkun, skulu landsbundin stjórnvöld afla viðeigandi upplýsinga frá rekstraraðilanum með verulegan markaðsstyrk, og skulu skv. 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/19/EB tryggja að fyrirtæki sem hafa aðgang að neti rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk fái allar nauðsynlegar upplýsingar tímanlega til þess að aðlaga eigin net og áætlanir um stækkun neta til samræmis við það. Landsbundin stjórnvöld skulu skilgreina snið og sundurliðun slíkra upplýsinga, og um leið tryggja að slíkar upplýsingar verði einungis notaðar í þeim tilgangi sem þeim er ætlað að þjóna og að upplýsingaleynd sé tryggð í öllu ferlinu.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Markmið og gildissvið

1. Markmið þessara tilmæla er að stuðla að þróun innri markaðarins með því að auka réttarvissu og stuðla að fjárfestingu, samkeppni og nýsköpun á markaði fyrir breiðbandsþjónustu einkum við umskiptin yfir í næstu kynslóðar aðgangsnæm.
2. Með þessum tilmælum er sett fram sameiginleg nálgun á stuðning við samræmda framkvæmd úrræða að því er varðar næstu kynslóðar aðgangsnæm, í samræmi við málsmeðferðina við markaðsgreiningu samkvæmt tilskipunum 2002/19/EB og 2002/21/EB.
3. Ef landsbundin stjórnvöld ihuga álagningu úrræða í tengslum við málsmeðferðina við markaðsgreiningu sem gerð er skv. 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB skulu þau hanna skilvirk úrræði í samræmi við fyrrnefndar tilskipanir og sameiginlegu nálgunina sem sett er fram í þessum tilmælum. Regluramminn veitir landsbundnum stjórnvöldum víðtæk úrræði, sem gerir þeim kleift að móta viðeigandi ráðstafanir til að fást við markaðsbresti og ná fram ætluðum stjórnsýslumarkmiðum í hverju aðildarríki. Landsbundin stjórnvöld skulu taka tillit til

fyrirkomulags sem rekstraraðilar hafa komið á og miðar að því að dreifa áhættunni af útbreiðslu ljósleiðaraneta til að tengja heimili eða byggingar, og að því að stuðla að samkeppni.

Samræmd nálgun

4. Landsbundin stjórnvöld skulu nota valdsvið sitt skv. 5. gr. tilskipunar 2002/21/EB til að tryggja að rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk veiti allar nauðsynlegar upplýsingar svo móta megi viðeigandi stjórnsýsluúrræði við umskiptin yfir í næstu kynslóðar aðgangsneta, svo sem upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á netskipan eða tiltækileika stokka.
5. Endurskoðun markaða 4 og 5 í tilmælum 2007/879/EB skal taka tillit til næstu kynslóðar aðgangsneta og skal framkvæmd á samræmdan hátt og tímanlega af landsbundnum stjórnvöldum hverjum um sig. Landsbundin stjórnvöld skulu tryggja að samræmi ríki milli úrræða sem fyrirskipuð eru á mörkuðum 4 og 5.
6. Þar sem viðeigandi markaðsgreiningar gefa til kynna að markaðsaðstæður haldist að mestu stöðugar skulu landsbundin stjórnvöld beita samræmdri stjórnsýslunálgun á viðeigandi endurskoðunartímabilum. Þar sem því verður við komið skulu landsbundin stjórnvöld skýra í ákvörðunum sínum hvernig þau hyggjast aðlaga úrræði á mörkuðum 4 og 5 við síðari markaðsendurskoðanir til að bregðast við líklegum breytingum á markaðsaðstæðum.
7. Þegar beitt er samhverfum ráðstöfunum skv. 12. gr. tilskipunar 2002/21/EB sem veita aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki fyrirtækis og lúkningarluta skulu landsbundin stjórnvöld gera framkvæmdarráðstafanir skv. 5. gr. tilskipunar 2002/19/EB.
8. Þar sem ljósleiðara er dreift í aðgangsneta á nýjum stöðum skulu landsbundin stjórnvöld ekki krefjast þess að rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk dreifi samhliða koparneti til viðbótar í þeim tilgangi að uppfylla gildandi skuldbindingar sínar, þ.m.t. skuldbindingar um alþjónustu, heldur heimila að fyrirliggjandi vörur eða þjónusta sem reglur gilda um sé veitt með vörum eða þjónustu í gegnum ljósleiðara sem eru í meginatriðum jafngildar.

Landfræðilegur mismunur

9. Landsbundin stjórnvöld skulu kanna mismunandi samkeppniskeyrði á mismunandi landsvæðum til að hægt sé að ákvarða hvort réttmætt sé að skilgreina svæðisbundna landfræðilega markaði eða beita aðgreindum úrræðum. Þar sem frávik í samkeppniskeyrðum eru stöðug og umtalsverð skulu landsbundin stjórnvöld skilgreina svæðisbundna landfræðilega markaði í samræmi við

tilmæli 2007/879/EB. Í öðrum tilvikum skulu landsbundin stjórnvöld fylgjast með hvort útbreiðsla næstu kynslóðar aðgangsneta og þróun samkeppniskeyrða í kjölfarið á landfræðilega afmörkuðum markaði réttlæti beitingu aðgreindra úrræða.

10. Hafi áður verið greindir svæðisbundnir landfræðilegir markaðir eða úrræði á markaði 5 sem eru háð aðgangsvörum á markaði 4, og geta orðið óþarfir vegna útbreiðslu næstu kynslóðar aðgangsneta, skal endurskoða slíka skiptingu eða úrræði.

Skilgreiningar

11. Í þessum tilmælum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Næstu kynslóðar aðgangsneta“: fastaaðgangsneta sem samanstanda að hluta til eða að öllu leyti af ljóstæknilegum þáttum og sem geta veitt breiðbandsaðgangspjónustu með betri eiginleikum (svo sem meiri hraða) í samanburði við þá sem veitt er um koparneta sem eru þegar fyrir hendi. Í flestum tilvikum eru næstu kynslóðar aðgangsneta tilkomin vegna uppfærslu kopar- eða samása aðgangsneta sem þegar eru fyrir hendi.

„Byggingarverkfræðilegt grunnvirki“: heimaugarvirkið sem rekstraraðili rafrænna fjarskipta dreifir til að hýsa heimaugarkapla svo sem koparvör, ljósleiðara og samása kapla. Þetta á oftast við, en er ekki eingöngu bundið við, eignir sem eru neðanjarðar eða ofanjarðar, svo sem rör, stokka, mannap og staura.

„Stokkur“: neðanjarðarlögn eða pípa sem notuð er til að hýsa kapla (ljósleiðara, kopar eða samása) grunn- eða aðgangsneta.

„Mannop“: op, venjulega með loki, sem maður getur farið í gegnum og inn í neðanjarðarrými notað til að hýsa aðgangspunkt til tenginga eða fyrir viðhaldsvinnu á rafrænum fjarskiptaköplum neðanjarðar.

„Aðgangsstaður á stórborgarsvæði“ (e. Metropolitan Point of Presence (MPoP)): samtengipunktur milli aðgangs- og grunnneta rekstraraðila næstu kynslóðar aðgangsneta. Það jafngildir aðaltengigrind hvað varðar koparaðgangsneta. Allar tengingar áskrifenda að næstu kynslóðar aðgangsneta á tilteknu svæði (vanalega bær eða bæjarhluti) eru miðlægt tengdar við aðgangsstað á stórborgarsvæði á ljóstengigrind. Frá ljóstengigrind eru taugar næstu kynslóðar aðgangsneta tengdar við grunnnetbúnað rekstraraðila næstu kynslóðar aðgangsneta eða annarra rekstraraðila, hugsanlega um milligreinanet þar sem búnaður er ekki í samnýttri aðstöðu á aðgangsstað á stórborgarsvæði.

„Dreifipunktur: millihnútur í næstu kynslóðar aðgangsneti þaðan sem einum eða fleiri ljósleiðaraköplum frá aðgangsstað á stórborgarsvæði (mötunarhluti) er skipt og dreift til að tengjast húsnæði endanlegra notenda (lúkningarhluti eða notendahluti). Dreifipunktur þjónar almennt nokkrum byggingum eða íbúðarhúsum. Hann getur verið staðsettur annað hvort við grunn byggingar (ef um fjölbýlishús er að ræða) eða úti í götu. Dreifipunktur hýsir tengigrind þar sem notendastrengir koma saman, og e.t.v. búnað án rafmagns svo sem ljósdeila.

„Lúkningarhlutinn“: sá hluti næstu kynslóðar aðgangsnets sem tengir húsnæði endanlegs notanda við fyrsta dreifipunkt. Lúkningarhlutinn inniheldur lóðréttar leiðslur í byggingunni og hugsanlega láréttar leiðslur upp að ljósdeili sem er staðsettur í kjallara byggingarinnar eða nálægu manni.

„Ljósleiðari heim í hús“ (e. fibre-to-the-home (FTTH)): aðgangsneti sem samanstendur af ljósleiðurum í bæði mötunar- og notendahluta aðgangsnetsins, þ.e. sem tengir húsnæði viðskiptavinarins (hús eða íbúð í fjölbýlishúsi) við aðgangsstað á stórborgarsvæði með ljósleiðara. Í þessum tilgangi skal ljósleiðari heim í hús vísa bæði til ljósleiðara heim í hús og ljósleiðara í bygginguna (e. fibre to the building (FTTB)).

„Margir ljósleiðarar heim í hús“: útbreiðsla ljósleiðara þar sem fjárfestir dreifir fleiri ljósleiðurum en þörf er á vegna eigin starfsemi, bæði í mötunar- og notendahluta aðgangsnetsins, í þeim tilgangi að selja öðrum rekstraraðilum aðgang að viðbótarljósleiðurum, einkum í formi óhagglegra réttinda á notkun.

„Sameiginleg fjárfesting í ljósleiðara heim í hús“: samkomulag milli sjálfstæðra veitenda rafrænnar fjarskiptiþjónustu með það fyrir augum að dreifa ljósleiðaranetum heim í hús, einkum á svæðum þar sem þéttbýli er minna. Sameiginleg fjárfesting nær yfir mismunandi lagalegt fyrirkomulag, en dæmigert er að fjárfestar byggi netgrunnvirki og deili efnislegum aðgangi að því grunnvirki.

Aðgangur að efnislegu netgrunnvirki í heildsölu (markaður 4)

12. Landsbundin stjórnvöld skulu grípa til viðeigandi úrræða þar sem verulegur markaðsstyrkur kemur í ljós á markaði 4, einkum með hliðsjón af meginreglunum sem settar eru fram hér á eftir.

Aðgangur að byggingarverkfræðilegu grunnvirki rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk

13. Þar sem stokkarými er tiltækt skulu landsbundin stjórnvöld fyrirskipa aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki. Veita skal aðgang í samræmi við meginregluna um jafngildi eins og segir í II. viðauka.
14. Landsbundin stjórnvöld skulu tryggja að aðgangur að byggingarverkfræðilegu grunnvirki sem fyrir er sé veittur á kostnaðartengdu verði í samræmi við I. viðauka.

15. Ef óskað er eftir viðmiðunartilboði í aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki skulu landsbundin stjórnvöld fyrirskipa slíkt tilboð eins fljótt og unnt er. Viðmiðunartilboð skal vera tilbúið eigi síðar en sex mánuðum eftir að óskað hefur verið eftir því.

16. Landsbundin stjórnvöld skulu í samræmi við markaðs- eftirspurn hvetja, eða þar sem það er lagalega mögulegt samkvæmt landslögum, skylda rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk til að koma upp nægilegu rúmtaki við byggingu byggingarverkfræðilegs grunnvirkis til að aðrir rekstraraðilar geti nýtt sér aðstöðuna.

17. Landsbundin stjórnvöld skulu starfa með öðrum yfirvöldum með það fyrir augum að koma á fót gagnagrunni með upplýsingum um landfræðilega staðsetningu, rúmtak og aðra eðliseiginleika alls byggingarverkfræðilegs grunnvirkis sem nota maetti við útbreiðslu ljósleiðaraneta á tilteknum markaði eða afmörkuðu markaðssviði. Slíkur gagnagrunnur skal vera aðgengilegur öllum rekstraraðilum.

Aðgangur að lúkningarhluta þegar um er að ræða ljósleiðara heim í hús

18. Þegar rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk leggur ljósleiðara heim í hús skulu landsbundin stjórnvöld, til viðbótar við að fyrirskipa aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki, fyrirskipa aðgang að lúkningarhluta aðgangsnets rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk, þ.m.t. leiðslum inni í byggingum. Í því skyni skulu landsbundin stjórnvöld skylda rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk til að veita nákvæmar upplýsingar um högun aðgangsneta sinna og, í kjölfar samráðs við væntanlega umsækjendur um vænlega aðgangspunkta, ákvarða hvar dreifipunktur lúkningarhluta aðgangsnetsins eigi að vera í þeim tilgangi að fyrirskipa aðgang, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2002/19/EB. Við slíka ákvörðun skulu landsbundin stjórnvöld taka tillit til þess að hver dreifipunktur mun þurfa að hýsa nægilegan fjölda tenginga fyrir endanlega notendur til að vera markaðsvænlegur fyrir umsækjanda um aðgang.

19. Rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk skal skylt að veita aðgang að dreifipunktum í samræmi við meginreglu um jafngildi eins og segir í II. viðauka. Ef óskað er eftir viðmiðunartilboði í aðgang að lúkningarhluta, skulu landsbundin stjórnvöld fyrirskipa slíkt tilboð eins fljótt og unnt er. Viðmiðunartilboð skal vera tilbúið eigi síðar en sex mánuðum eftir að óskað hefur verið eftir því.

20. Landsbundin stjórnvöld skulu tryggja að aðgangur að lúkningarhlutanum sé veittur á kostnaðartengdu verði í samræmi við I. viðauka.

21. Landsbundin stjórnvöld skulu, í samræmi við markaðs- eftirspurn hvetja, eða þar sem það er lagalega mögulegt samkvæmt landslögum, skylda rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk til að setja upp margar ljósleiðaralínur í lúkningarhlutanum.

Sundurgreindur aðgangur að ljósleiðaraheimtaug þegar um er að ræða ljósleiðara heim í hús

22. Í samræmi við meginreglurnar sem kveðið er á um í tilskipun 2002/19/EB ⁽⁵⁾, þar sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk setur upp ljósleiðara heim í hús, skulu landsbundin stjórnvöld að jafnaði fyrirskipa sundurgreindan aðgang að ljósleiðaraheimtauginni. Eingöngu er unnt að gera réttmætar undantekningar á landsvæðum þar sem tiltækileiki nokkurra annarra grunnvirkja, svo sem ljósleiðaraneta heim í hús og/eða kapals, ásamt samkeppnishæfum aðgangstilboðum er líklegt til að leiða til virkrar samkeppni á síðari stigum. Beitingu sundurgreinds aðgangs að heimtaug skulu fylgja viðeigandi ráðstafanir sem tryggja samnýtta aðstöðu og greinanet. Aðgangur skal veittur á þeim stað í netinu sem best á við en það er að jafnaði aðgangsstaður á stórborgarsvæði.
23. Landsbundin stjórnvöld skulu fyrirskipa sundurgreindan aðgang að ljósleiðaraheimtaug án tillits til nethögunar og tækni sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk notar.
24. Til viðbótar gildandi viðmiðunartilboði um sundurgreindan aðgang að heimtaug skal veita, eins fljótt og auðið er, sundurgreindan aðgang að ljósleiðaraheimtaug. Í II. viðauka tilskipunar 2002/19/EB er settur fram lágmarkslisti yfir skilyrði sem skulu koma fram í viðmiðunartilboði um sundurgreindan aðgang að heimtaug og skulu gilda að breyttu breytanda um sundurgreindan aðgang að ljósleiðaraheimtaug. Viðmiðunartilboðið skal vera tilbúið eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 6 mánuðum eftir að landsbundið stjórnvald hefur kveðið á um skuldbindingu um að veita aðgang.
25. Verð fyrir aðgang að sundurgreindri ljósleiðaraheimtaug skal vera kostnaðartengt. Landsbundin stjórnvöld skulu taka viðeigandi tillit til aukinnar og mælanlegrar fjárfestingaráhættu sem stofnað er til af rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk við ákvörðun verðs fyrir aðgang að sundurgreindri ljósleiðaraheimtaug. Að jafnaði skal hættan endurspeglast í þóknun sem er innifalin í fjármagnskostnaði vegna viðkomandi fjárfestingar eins og sett er fram í I. viðauka.
26. Landsbundin stjórnvöld skulu einnig meta verðlagningar-áætlanir sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk hefur lagt til í því skyni að dreifa fjárfestingaráhættu. Landsbundin stjórnvöld skulu einungis samþykkja slíkar áætlanir þegar þau hafa gengið úr skugga um að rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk hafi veitt allar viðeigandi upplýsingar um fjárfestinguna, og aðeins ef slíkar áætlanir hafa ekki mismunun eða útilokun í för með sér. Viðmiðanir við mat á slíkum verðlagningaráætlunum eru settar fram í I. viðauka.
27. Í þeim tilvikum skulu landsbundin stjórnvöld tryggja að nægilegur munur sé á heildsölu- og smásöluverði til að gera skilvirkum samkeppnisaðila kleift að komast inn á markaðinn. Landsbundin stjórnvöld skulu því

sannreyna verðlagningu rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk með því að beita tilhlýðilega skilgreindri verðþrýstingsprófun á viðeigandi tímabili. Landsbundin stjórnvöld skulu tilgreina fyrirfram þá aðferðafræði sem þau munu fara eftir við tilreikningsprófið, mælipætti fyrir verðþrýstingsprófið ásamt tilhögun við úrbætur ef sýnt er fram á verðþrýsting.

28. Þar sem samkeppnisskilyrði á svæði sem fellur undir sameiginlega dreifingu ljósleiðaraneta heim í hús, sem byggjast á mörgum ljósleiðaralínum nokkurra samfjárfesta, eru í grundvallaratriðum ólík, þ.e. þannig að þau réttlæti skilgreiningu sérstaks landfræðilegs markaðar, skulu landsbundin stjórnvöld skoða, við markaðsgreiningu sína, hvort réttlætianlegt sé í ljósi þess samkeppnisstigs sem leiðir af samfjárfestingunni að telja að verulegur markaðsstyrkur sé til staðar með tilliti til þess markaðar. Í þessu sambandi, skulu landsbundin stjórnvöld einkum taka til skoðunar hvort hver samfjárfestir nýtur nákvæmlega jafngilds og kostnaðartengds aðgangs að sameiginlega grunnvirkinu og hvort samfjárfestar eiga í virkri samkeppni á fráliggjandi markaðinum. Þau skulu einnig taka til skoðunar hvort meðfjárfestar setji upp stokka með nægilegu rúmtaki fyrir notkun þriðju aðila og veita kostnaðartengdan aðgang að því.

Aðgangsskyldur ef um er að ræða ljósleiðara að hnút

29. Landsbundin stjórnvöld skulu leggja á skyldu um sundurgreindan aðgang að koparheimtaugargrein. Úrræði til sundurgreiningar á koparheimtaugargrein skal aukið með greinanetsúrræðum, þ.m.t. ljósleiðara- og íðnetsgreinaneti eftir því sem við á, og viðbótarúrræðum sem tryggja skilvirkni þess og lífvænleika, svo sem aðgangi án mismununar að samnýttri aðstöðu, eða ef slíkt er ekki fyrir hendi, jafngildri samnýttri aðstöðu. Viðmiðunartilboðið skal vera tilbúið eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 6 mánuðum eftir að landsbundið stjórnvald hefur kveðið á um skuldbindingu um að veita aðgang.
30. Þegar landsbundin stjórnvöld kveða á um sundurgreiningu á koparheimtaugargrein, skal þess krafist að rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk bæti öllum nauðsynlegum þáttum við fyrirliggjandi viðmiðunartilboð um sundurgreindan aðgang að heimtaug. Aðgangsverð að öllum þáttum skal vera kostnaðartengt í samræmi við I. viðauka.

Heildsöluaðgangur að breiðbandi (markaður 5)

31. Komi verulegur markaðsstyrkur í ljós á markaði 5, skal viðhalda eða breyta úrræðum fyrir heildsöluaðgang að breiðbandi fyrir þjónustu sem fyrir er og staðgengla hennar í keðjunni. Landsbundin stjórnvöld skulu íhuga breiðbandsaðgang í heildsölu með VDSL-tengingu sem staðgengil í keðjunni fyrir núverandi breiðbandsaðgang í heildsölu um kopartaugar eingöngu.
32. Landsbundin stjórnvöld skulu skylda rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk til að gera nýjar heildsöluverur fyrir breiðbandsaðgang að meginreglu til aðgengilegar a.m.k. 6 mánuðum áður en rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk eða dótturfyrirtæki hans í smásölu

⁽⁵⁾ Sjá einkum 19. forsendu.

markaðssetur eigin samsvarandi þjónustu fyrir næstu kynslóðar aðgangsnét, nema aðrar virkar varúðarráðstafanir séu fyrir hendi sem tryggja bann við mismunun.

33. Landsbundin stjórnvöld skulu fyrirskipa að boðið sé upp á mismunandi heildsöluvörur sem endurspegla best tæknilega möguleika sem felast í grunnvirki næstu kynslóðar aðgangsneta hvað varðar bandbreidd og gæði í því skyni að gera öðrum rekstraraðilum kleift að keppa á skilvirkan hátt, m.a. um fyrirtækjaþjónustu.
34. Landsbundin stjórnvöld skulu hafa samvinnu sín á milli við að skilgreina viðeigandi tækniforskriftir vegna heildsöluvara fyrir breiðbandsaðgang sem boðið er upp á um næstu kynslóðar aðgangsnét og veita alþjóðlegum staðlastofnunum upplýsingar til að greiða fyrir þróun viðeigandi staðla innan greinarinnar.
35. Landsbundin stjórnvöld skulu að meginreglu til leggja kostnaðartengingu á heildsöluvörur fyrir breiðbandsaðgang sem fyrirskipaðar eru í samræmi við I. viðauka, með tilliti til mismunandi bandbreiddar og gæða ólíkra heildsölutilboða.
36. Landsbundin stjórnvöld skulu greina hvort skuldbinding um kostnaðartengingu fyrirskipaðra heildsöluvara fyrir breiðbandsaðgang sé nauðsynleg til að ná virkri samkeppni hafi aðskilin starfsemi eða annars konar aðskilnaður reynst tryggja jafnan aðgang með skilvirkum hætti. Þegar kostnaðartenging er ekki fyrir hendi skulu landsbundin stjórnvöld fylgjast með verðlagningu rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk með því að beita tilhlýðilega skilgreindri verðþrýstingsprófun.
37. Telji landsbundin stjórnvöld að skilvirkur aðgangur sé á tilteknu landsvæði að sundurgreindri ljósleiðaraheimtaug rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk og að líklegt sé að slíkur aðgangur leiði til virkrar samkeppni á síðari stigum, skulu þau íhuga að fjarlægja skuldbindingu um bitastraumsaðgang í heildsölu á viðkomandi svæði.
38. Við athugun landsbundinna stjórnvalda á því hvort verulegur markaðsstyrkur sé fyrir hendi skulu þau, ef um er að ræða sameiginlega fjárfestingu, fara eftir þeim meginreglum sem settar eru fram í 28. mgr.

Umbreyting

39. Skyldur vegna verulegs markaðsstyrks í tengslum við markaði 4 og 5 skulu haldast og skal ekki afnema með

breytingum á núverandi nethögun og tækni, nema samkomulag hafi náðst um viðeigandi umbreytingarleið milli rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk og rekstraraðila sem hafa aðgang að neti rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk. Ef slíkt samkomulag er ekki fyrir hendi skulu landsbundin stjórnvöld tryggja að aðrir rekstraraðilar séu upplýstir, að teknu tilliti til landsbundinna aðstæðna eftir því sem við á, a.m.k. fimm árum fyrir hvers konar úreldingu samtengipunkta, s.s. heimtaugarskiptistöðvar. Þetta tímabil getur verið styttra en 5 ár ef jafngildur aðgangur er veittur við samtengipunkt.

40. Landsbundin stjórnvöld skulu koma á gagnsæjum ramma um umbreytinguna frá kopar yfir í ljósleiðaranet. Landsbundin stjórnvöld skulu tryggja að kerfi og verklagsreglur sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk hefur komið á, þ.m.t. starfandi stoðkerfi, séu hönnuð þannig að þau auðveldi flutning annarra rekstraraðila yfir til vara sem byggja á næstu kynslóðar aðgangsnétum.
41. Landsbundin stjórnvöld skulu nota valdheimildir sínar skv. 5. gr. tilskipunar 2002/21/EB til að afla upplýsinga frá rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk varðandi hvers konar breytingar á netáætlunum sem líklegt er að muni hafa áhrif á samkeppnisaðstæður á tilteknum markaði eða undirmarkaði. Þar sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk sér fyrir sér að skipta þurfi út hluta af koparaðgangsneti hans með ljósleiðara og hyggst úrelða samtengipunkta sem nú eru í notkun, skulu landsbundin stjórnvöld skv. 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2002/19/EB tryggja að fyrirtæki sem hafa aðgang að neti rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk fái allar nauðsynlegar upplýsingar tímanlega til að aðlaga eigin net og áætlanir um stækkun neta til samræmis við það. Landsbundin stjórnvöld skulu skilgreina snið og sundurliðun slíkra upplýsinga, og tryggja fullkomna upplýsingaleynd veittra upplýsinga.
42. Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;

Neelie KROES

varaforseti.

*I. VIÐAUKI***Meginreglur um verðlagningu og áhættu****1. SAMEIGINLEGAR MEGINREGLUR UM VERÐLAGNINGU AÐGANGS AÐ NÆSTU KYNSLÓÐAR AÐGANGSNETUM**

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB skulu landsbundin stjórnvöld stuðla að samkeppni í veitingu rafrænna fjarskiptaneta, rafrænnar fjarskiptaþjónustu og tengdri aðstöðu og þjónustu, m.a. með því að hvetja til hagkvæmrar fjárfestingar í grunnvirki. Við ákvörðun kostnaðargrunns sem notaður er vegna kostnaðartengdra skuldbindinga skv. 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2002/19/EB, skulu landsbundin stjórnvöld taka til athugunar hvort tvöföldun aðgangsgrunnvirkis viðkomandi næstu kynslóðar aðgangsneta sé fjárhagslega gerleg og hagkvæm. Sé sú ekki raunin er höfuðmarkmiðið að skapa jöfn samkeppnisskilyrði í raun milli fráliggjandi hluta rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk og annarra rekstraraðila neta. Samræmd stjórnsýslunálgun getur því bent til þess að landsbundin stjórnvöld noti mismunandi kostnaðargrunna við útreikning kostnaðartengds verðs á endurgeranlegum og óendurgeranlegum eignum, eða lagi a.m.k. kostnaðartengdar aðferðir sínar eftir aðstæðum í síðara tilvikinu.

Í tilvikum þar sem arðsemi fjárfestingar í næstu kynslóðar aðgangsneta hvílir á óvissuþáttum eins og forsendum sem gera ráð fyrir umtalsvert hærra meðaltækjum fyrir hvern notanda eða aukinni markaðshlutdeild, skulu landsbundin stjórnvöld meta hvort fjármagnskostnaður endurspeglar þessa auknu fjárfestingaráhættu miðað við fjárfestingu í fyrirbyggjandi netum byggðum á kopar. Einnig má nota viðbótarkerfi til að deila fjárfestingaráhættu á milli fjárfesta og umsækjenda um aðgang og til að efla markaðssókn, svo sem langtímaverð fyrir aðgang eða magnafslátt. Landsbundin stjórnvöld skulu endurskoða þannig verðtilhögun í samræmi við viðmiðanir sem settar eru fram í liðum 7 og 8 hér á eftir.

Í því skyni að framfylgja kostnaðartengdum skyldum skulu landsbundin stjórnvöld kveða á um aðskilið bókhald skv. 11. gr. tilskipunar 2002/19/EB. Aðskilið bókhald grunnvirkis næstu kynslóðar aðgangsneta og/eða þjónustupátta þar sem aðgangur er fyrirskipaður að skal sett þannig upp að landsbundin stjórnvöld geti i. tilgreint kostnað allra viðkomandi eigna til að ákvarða aðgangsverð (þ.m.t. afskriftir og breytingar á mati) og ii. fylgst skilvirkt með því hvort rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk veitir öðrum markaðsaðilum aðgang með sömu skilyrðum og á sama verði og eigin fráliggjandi hluta. Slíkt eftirlit skal fela í sér framkvæmd verðþrýstingsprófana. Kostnaði skal skipt á grunni hlutlægra viðmiðana milli hinna ýmsu heildsölu- og smásöluvara sem stýðjast við slíkt ílag, til að forðast tvítalningu.

Landsbundin stjórnvöld skulu áætla viðbótarkostnað sem nauðsynlegur er til að veita aðgang að viðkomandi aðstöðu. Slíkur kostnaður tengist póntun og veitingu aðgangs að byggingarverkfræðilegu grunnvirki eða ljósleiðara; rekstri og viðhaldi upplýsingatækniferfa; og rekstrarkostnaði í tengslum við vörustjórnun heildsöluvara. Þessum kostnaði skal úthlutað hlutfallslega til allra fyrirtækja sem njóta aðgangs, þ.m.t. fráliggjandi hluta rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk.

2. VERÐLAGNING Á AÐGANGI AÐ BYGGINGARVERKFRÆÐILEGU GRUNNVIRKI

Aðgangur að byggingarverkfræðilegu grunnvirki rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk sem fyrir er á markaði 4 skal fyrirskipaður á kostnaðartengdu verði. Landsbundin stjórnvöld skulu setja reglur um verðlagningu á aðgangi að byggingarverkfræðilegu grunnvirki í samræmi við aðferðir eru við verðlagningu á sundurgreindum aðgangi að koparheimtaug. Landsbundin stjórnvöld skulu tryggja að aðgangsverð endurspeglar kostnað sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk ber í raun. Landsbundin stjórnvöld skulu einkum taka tillit til raunverulegs líftíma viðkomandi grunnvirkis og hugsanlegrar hagkvæmni rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk við útbreiðslu. Aðgangsverð skulu endurspeglar raunverði viðkomandi grunnvirkis, þ.m.t. afskriftir af því.

Við verðlagningu á aðgangi að byggingarverkfræðilegu grunnvirki skulu landsbundin stjórnvöld ekki telja áhættusniðið frábrugðið áhættusniði kopargrunnvirkis, nema þar sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk hefur þurft að stofna til tiltekins byggingarverkfræðilegs kostnaðar, umfram eðlilegan viðhaldskostnað, til að setja upp næstu kynslóðar aðgangsneta.

3. VERÐLAGNING AÐGANGS AÐ LÚKNINGARHLUTA LJÓSLEIÐARA HEIM Í HÚS

Landsbundin stjórnvöld skulu verðleggja aðgang að dreifipunkti í samræmi við aðferðir sem notaðar eru við verðlagningu á aðgangi að sundurgreindri koparheimtaug. Landsbundin stjórnvöld skulu tryggja að aðgangsverð endurspeglar þann kostnað sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk ber í raun, þ.m.t., eftir því sem við á, hærra áhættuþóknun sem endurspeglar alla viðbótaráhættu og mælanlega áhættu sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk hefur stofnað til.

4. VERÐLAGNING AÐGANGS AÐ LJÓSLEIÐARA Á AÐGANGSSTAÐ Á STÓRBORGARSVÆÐI EF UM ER AÐ RÆÐA LJÓSLEIÐARA HEIM Í HÚS (SUNDURGREIND LJÓSLEIÐARAHEIMTAUG)

Við verðlagningu á aðgangi að sundurgreindri ljósleiðaraheimtaug skulu landsbundin stjórnvöld reikna með hærri áhættuþóknun sem endurspeglar viðbótar- og mælanlega fjárfestingaráhættu sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk hefur stofnað til. Áhættuþóknun skal metin í samræmi við aðferðafræði sem sett er fram í lið 6 hér á eftir. Hægt er að auka sveigjanleika í verðlagningu í samræmi við liði 7 og 8 hér á eftir.

Samkvæmt meginreglunni um bann við mismunum skal verð sem lagt er á fráliggjandi hluta rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk vera hið sama og þriðju aðilar greiða.

5. VERÐLAGNING AÐGANGS AÐ KOPARHEIMTAUGARGREIN ÞEGAR UM ER AÐ RÆÐA LJÓSLEIÐARA AÐ HNÚT

Landsbundin stjórnvöld skulu kveða á um aðgang á kostnaðartengdum grunni að öllum þáttum sem nauðsynlegir eru til sundurgreiningar á heimtaugargrein, þ.m.t. greinanet og viðbótarúrræði, svo sem aðgangur án mismununar að búnaði fyrir samnýtta aðstöðu, eða sambærilegri samnýttri aðstöðu sé slík aðstaða ekki til staðar.

Verðlagning á stýrðum aðgangi skal ekki vera hærri en kostnaður sem skilvirkur rekstraraðili stofnar til. Í þeim tilgangi geta landsbundin stjórnvöld ihugað að meta kostnaðinn með því að notast við neðansækið líkan eða neðansækin viðmið, þar sem unnt er.

Við ákvörðun verðs á aðgangi að koparheimtaugargrein, skulu landsbundin stjórnvöld ekki telja áhættusniðið frábrugðið áhættusniði kopargrunnvirkisins sem fyrir er.

6. VIÐMIÐUN VIÐ ÁKVÖRÐUN ÁHÆTTUÞÓKNUNAR

Fjárfestingaráhætta skal hafa ávinning í för með sér í formi áhættuþóknunar sem felld er inn í fjármagnskostnaðinn. Ávöxtun eigin fjár sem heimilud er fyrirfram vegna fjárfestingar í næstu kynslóðar aðgangsnætur skal annars vegar veita fyrirtækjum hvatningu til að fjárfesta (sem gerir ráð fyrir nægilega hárrí ávöxtun) og hins vegar að stuðla að skilvirkri ráðstöfun, sjálfbærri samkeppni og hámarksávinningi neytenda (sem gerir ráð fyrir ávöxtun sem er ekki of há). Í því skyni að ná jafnvægi milli þessara krafna skulu landsbundin stjórnvöld, þar sem það er réttlæt看legt, telja með yfir endurgreiðslutímabil fjárfestingarinnar viðbót sem endurspeglar fjárfestingaráhættuna í útreikningum sem gerðir eru á vegnum meðalfjármagnskostnaði til að verðleggja aðgang að sundurgreindri koparheimtaug. Við kvörðun tekjuleiða til að reikna veginn meðalfjármagnskostnað skal taka tillit til allra þátta þess fjármagns sem notað er, þ.m.t. viðeigandi launakostnaðar og byggingarkostnaðar, væntrar aukinnar skilvirkni og lokavirði eigna, í samræmi við 20. forsendu tilskipunar 2002/19/EB.

Landsbundin stjórnvöld skulu meta fjárfestingaráhættu m.a. með því að taka tillit til eftirfarandi óvissuþátta: i. óvissa í tengslum við eftirspurn í smásölu og heildsölu, ii. óvissa í tengslum við kostnað við útbreiðslu, mannvirki og stjórnun, iii. óvissa í tengslum við tækniframfarir, iv. óvissa í tengslum við hreyfingu á markaði og þróun samkeppnisstöðu svo sem samkeppni í grunnvirkjum og/eða samkeppni við kapal, og v. þjóðhagsleg óvissa. Þessir þættir geta breyst með tímanum, einkum vegna stöðugrar aukningar í smásölu- og heildsölueftirspurn sem uppfyllt er. Landsbundin stjórnvöld skulu því endurskoða stöðuna með reglulegu millibili og laga áhættuþóknun eftir aðstæðum með tímanum, m.t.t. breytinga á áðurmeindum þáttum.

Líklegt er að viðmiðanir svo sem að stærðarhagkvæmni sé fyrir hendi (einkum ef fjárfestingin er eingöngu gerð á þéttbýlissvæðum), hátt smásölumarkaðshlutfall, stjórn yfir nauðsynlegu grunnvirki, rekstrarkostnaðarsparnaður, ágóði af sölu fasteigna ásamt greiðum aðgangi að hluta- og skuldabréfamörkuðum dragi úr áhættu rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk vegna fjárfestingar í næstu kynslóðar aðgangsnætur. Þessi atriði skulu einnig endurskoðuð reglubundið af landsbundnum stjórnvöldum við endurskoðun áhættuþóknunar.

Ofangreindir þættir eiga einkum við um fjárfestingu í ljósleiðara heim í hús. Fjárfesting í ljósleiðara að hnút, sem er uppfærsla núverandi aðgangsnets að hluta til (svo sem t.d. VDSL-tengingar), hefur vanalega umtalsvert minna áhættusnið en fjárfesting í ljósleiðara heim í hús, a.m.k. á þéttbýlum svæðum. Einkum er minni óvissa um eftirspurn eftir bandbreidd um ljósleiðara að hnút/VDSL-tengingu, og heildarfjármagnsþörf er minni. Þótt reglur um verð á breiðbandsaðgangi í heildsölu miðað við ljósleiðara að hnút/VDSL-tengingu skuli miðast við hugsanlega fjárfestingaráhættu skal því ekki gera ráð fyrir að slík áhætta sé af svipaðri stærðargráðu og áhættan sem fylgir heildsöluáðgangsvörum sem byggjast á ljósleiðara heim í hús. Þegar landsbundin stjórnvöld ákvarða áhættuþóknun vegna breiðbandsaðgangs í heildsölu byggða á ljósleiðara að hnút/VDSL-tengingu, skulu þau taka tillýðilegt tillit til þessara þátta, og að jafnaði ekki samþykkja áætlanir um verðlagningu sem settar eru fram í liðum 7 og 8 hér á eftir. Landsbundin stjórnvöld skulu hafa opinbert samráð um aðferðafræði sína við ákvörðun áhættuþóknunarinnar.

7. VIÐMIÐANIR VIÐ MAT Á VERÐLAGNINGU LANGTÍMAAÐGANGS ÞEGAR UM ER AÐ RÆÐA LJÓSLEIÐARA HEIM Í HÚS

Aðgangsverð sem er áhættuáðlagað eftir langtímaáðgangi getur verið breytilegt eftir tímalengd skuldbindinga um aðgang. Langtímasamningar um aðgang yrðu verðlagðir á lægra verði fyrir á hverja notendalínu en samningar um skammtímaáðgang. Verð á langtímaáðgangi skal aðeins endurspegla minni áhættu fyrir fjárfestinn og getur því ekki verið lægra en kostnaðartengt verð þar sem ekki er bætt við þóknun vegna aukinnar áhættu sem endurspeglar kerfisbundna áhættu af fjárfestingunni. Samkvæmt langtímasamningum myndu nýir aðilar öðlast full yfirráð yfir efnislegum eignum, sem gæfi þeim einnig færi á að stunda eftirmarkaðsviðskipti. Samningar til skamms tíma væru boðnir án langtímaskuldbindinga og því venjulega á hærri verði fyrir hverja notendalínu, þar sem aðgangsverðið endurspegladi hugsanlegt virði sem fylgir sveigjanleika þess konar aðgangs sem kemur umsækjanda um aðgang til góða.

Verðlagning á langtímaáðgangi getur þó verið misnotuð af rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk á ákveðnu tímabili í því skyni að selja smásöluþjónustu á verði sem er lægra en það verð sem gildir um stýrða heildsöluþjónustu hans (þar sem rekstraraðilinn myndi innheimta lágt verð með langtímaskuldbindingu af eigin smásöluhluta) og þar með í raun útilokað aðra frá markaði. Ennfremur standa aðrir veitendur með færri viðskiptavini og óljósar viðskiptahorfur frammi fyrir meiri áhættu. Þeir gætu verið ófærir um að skuldbinda sig til kaupa í langan tíma. Þeir kynnu þannig að þurfa að skipta upp fjárfestingu sinni og kaupa stýrðan aðgang síðar.

Af þessum sökum er verðlagning langtímaáðgangs því aðeins viðunandi að landsbundin stjórnvöld sjái til þess að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) verð langtímaskuldbindinga endurspeglar einungis minni áhættu fjárfesta og
- b) á viðeigandi tímabili nægi munur á heildsölu- og smásöluverði til markaðsaðgangs skilvirks samkeppnisaðila á fráliggjandi markaðinum.

8. VIÐMIÐANIR VIÐ MAT Á MAGNAFSLÆTTI ÞEGAR UM ER AÐ RÆÐA LJÓSLEIÐARA HEIM Í HÚS

Aðgangsverð sem er áhættuáðlagað eftir magnafslætti endurspeglar þá staðreynd að fjárfestingaráhætta minnkar með auknum heildarfjölda seldra ljósleiðaraheimtauga á tilteknu svæði. Fjárfestingaráhætta er nátengd fjöldi ónotaðra ljósleiðaraheimtauga. Því hærri hlutfall ljósleiðaraheimtauga sem er í notkun, því minni áhætta. Því getur aðgangsverð verið breytilegt í samræmi við keypt magn. Eitt afsláttarstig skal heimilað og sama verð á línu boðið öllum rekstraraðilum, sem uppfylla skilyrði fyrir afslætti. Landsbundin stjórnvöld skulu tilgreina fjölda lína sem kaupa skal til að fá aðgang að magnafslætti, með tilliti til áætlaðs lágmarksumfangs rekstrar sem umsækjandi um aðgang þarf að hafa til þess að taka á skilvirkan hátt þátt í samkeppni á markaðinum, ásamt þörfinni á að viðhalda markaðsskipulagi með nægilegum fjölda hæfra rekstraraðila til að tryggja skilvirka samkeppni. Magnafsláttur skal aðeins endurspegla minni áhættu fyrir fjárfestinn og getur því ekki leitt til aðgangsverðs sem er lægra en kostnaðartengt verð þar sem ekki er bætt við þóknun vegna aukinnar áhættu sem endurspeglar kerfisbundna áhættu af fjárfestingunni. Að teknu tilliti til þess að eðlilegt er að áhættuþóknun lækki í kjölfar heildarhækkunar smá- og heildsöluvefirsparna sem uppfyllt er, skal magnafsláttur einnig lækka til samræmis og er ekki lengur hægt að réttlæta hann eftir að smá- og heildsöluvefirsparn er uppfyllt á háu stigi.

Magnafsláttur skal aðeins viðurkenndur af landsbundnum stjórnvöldum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) eins þreps magnafsláttur er reiknaður eftir svæðum sem landsbundin stjórnvöld ákveða viðeigandi stærð á m.t.t. landsbundinna aðstæðna og nethögunar, og sem á jafnt við um alla umsækjendur sem vilja kaupa a.m.k. það magn af línunum sem veitir aðgang að afslætti á svæðinu sem um ræðir og
- b) magnafslátturinn endurspeglar einungis minnkaða áhættu fjárfesta og
- c) á viðeigandi tímabili nægi munur á heildsölu- og smásöluverði til markaðsaðgangs skilvirks samkeppnisaðila á fráliggjandi markaði.

II. VIÐAUKI

Beiting meginreglunnar um jafnan aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk í þeim tilgangi að koma upp næstu kynslóðar aðgangsneta

1. MEGINREGLA UM JAFNGILDI

Aðgangur að byggingarverkfræðilegu grunnvirki rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk getur þýtt mikilvægan áfanga í útbreiðslu næstu kynslóðar aðgangsneta. Til þess að skapa jöfn samkeppnisskilyrði milli nýrra aðila og rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk, er mikilvægt að slíkur aðgangur sé veittur á nákvæmlega jafngildum grunni. Landsbundin stjórnvöld skulu fara fram á að rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk veiti innri aðilum og þriðju aðilum sem eru umsækjendur um aðgang, aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki sínu með sömu skilyrðum. Einkum skal rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk deila öllum nauðsynlegum upplýsingum sem snerta eiginleika grunnvirkisins, og beita sömu verklagsreglum við röðun og veitingu aðgangs. Viðmiðunartilboð og þjónustusamningar ráða úrslitum við að tryggja viðeigandi beitingu meginreglunnar um jafngildi. Á hinn bóginn er mikilvægt að hver sú ósamhverfa vitneskja sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk býr yfir um útbreiðsluáætlanir þriðju aðila sem eru umsækjendur um aðgang sé ekki notuð af rekstraraðilanum með verulega markaðsstyrk til að ná ótilhlýðilegum viðskiptalegum ávinningi.

2. UPPLÝSINGAR UM BYGGINGARVERKFRÆÐILEGA GRUNNVIRKIÐ OG DREIFIPUNKTA

Rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk skal veita þriðju aðilum sem eru umsækjendur um aðgang sama magn upplýsinga um byggingarverkfræðilega grunnvirkið og dreifipunkta og er tiltækt innan rekstraraðilans. Þessar upplýsingar skulu ná yfir skipulag byggingarverkfræðilega grunnvirkisins ásamt tæknilegum eiginleikum mismunandi þátta grunnvirkisins. Þar sem unnt er, skal upplýsa um landfræðilega staðsetningu þessara þátta, þ.m.t. lagna, staura, og annarra efnislegra eigna (t.d. viðhaldsklefa), ásamt tiltæku rúmtaki í stokkum. Einnig skal veita upplýsingar um landfræðilega staðsetningu dreifipunkta og skrá yfir byggingar sem eru tengdar.

Rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk skal tilgreina allar ihlutunarreglur og tækniskilyrði varðandi aðgang að og notkun á byggingarverkfræðilega grunnvirkinu ásamt dreifipunktum, og á mismunandi þáttum grunnvirkisins. Sömu reglur og skilyrði skulu gilda um umsækjendur um aðgang sem eru þriðju aðilar og gilda um innri umsækjendur.

Rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk skal leggja fram tæki til að tryggja viðeigandi aðgang að upplýsingum, svo sem vel aðgengilegar skrár, gagnagrunna eða vefgáttir. Upplýsingar skulu uppfærðar reglulega, svo að tillit sé tekið til þróunar grunnvirkja og framfara og til frekari upplýsinga sem safnast, einkum þegar ljósleiðara er dreift af hálfu rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk eða annarra umsækjenda um aðgang.

3. PÖNTUN OG VEITING AÐGANGS

Rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk skal koma til framkvæmda verklagsreglum og leggja fram nauðsynleg tæki til að tryggja skilvirkan aðgang að og notkun á byggingarverkfræðilega grunnvirkinu, dreifipunktum og hinum mismunandi þáttum grunnvirkisins. Rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk skal einkum bjóða þriðju aðilum sem eru umsækjendur um aðgang upp á pöntunarkerfi sem nær frá enda til enda, veitingu aðgangs og bilanastjórnunarkerfi sem jafngildir þeim sem veitt eru innri umsækjendum um aðgang. Það skal taka til ráðstafana sem miða að því að greiða fyrir umferð í stokkum sem eru í notkun.

Beiðnir þriðju aðila sem eru umsækjendur um aðgang um upplýsingar, aðgang og notkun byggingarverkfræðilega grunnvirkisins, dreifipunkta og hinna ýmsu þátta grunnvirkisins skulu unnar á jafnlöngum tíma og jafngildar óskir innri umsækjenda um aðgang. Sami sýnileiki skal einnig eiga við um framvindu beiðna, og neikvæð svör skulu rökstudd á hlutlægan hátt.

Upplýsingakerfi rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk skal innihalda skrá yfir afgreiðslu beiðna og skal hún vera aðgengileg landsbundnum stjórnvöldum.

4. VÍÐAR FYRIR ÞJÓNUSTUSTIG

Til þess að tryggja að aðgangur að og notkun byggingarverkfræðilegs grunnvirkis rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk sé veitt á jafngildisgrundvelli, skal skilgreina og reikna vísa fyrir þjónustustig fyrir bæði innri aðila og þriðju aðila sem eru umsækjendur um aðgang. Vísar fyrir þjónustustig skulu mæla viðbragðshæfni rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk þegar kemur að því að framkvæma það sem nauðsynlegt er til að veita aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki hans. Markmið fyrir þjónustustig skulu samþykkt af umsækjendum um aðgang.

Vísar fyrir þjónustustig skulu gera ráð fyrir töfum við svörum fyrirspurna um upplýsingar um tiltækileika þátta grunnvirkisins, þ.m.t. lagna, staura, annarra efnislegra eigna (t.d. mannop), eða dreifipunkta; töfum við svörum fyrirspurna um hagkvæmni þess að nota þætti grunnvirkisins; mælikvarða fyrir viðbragðshæfni við afgreiðslu beiðna um aðgang og notkun á þáttum grunnvirkisins; mælikvarða fyrir viðbragðshæfni við lagfæringu vegna bilana.

Útreikningur á vísu fyrir þjónustustig skal fara fram með reglulegu, jöfnu millibili og lagður fram fyrir þriðja aðila sem er umsækjandi um aðgang Landsbundin stjórnvöld skulu hafa eftirlit með því að þjónustustig sem þriðji aðili sem er umsækjandi um aðgang nýtur jafngildi því sem rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk veitir innri aðilum. Rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk skal skuldbinda sig til fullnægjandi bóta á vanefndum á þjónustustigsmarkmiðum við þriðja aðila.

5. VIÐMIÐUNARTILBOÐ

Hinir ólíku þættir sem þarf til að veita jafngildan aðgang að byggingarverkfræðilegu grunnvirki rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk skulu birtir í viðmiðunartilboði, ef umsækjandi um aðgang hefur farið fram á slíkt tilboð. Viðmiðunartilboðið skal a.m.k. innihalda viðeigandi málsmeðferðarreglur og tæki til að fá upplýsingar um byggingarverkfræðilegar eignir í grunnvirkinu, lýsa aðgangs- og notkunarskilyrðum hinna ólíku þátta byggingarverkfræðilega grunnvirkisins, lýsa málsmeðferðarreglum og aðferðum við pöntun aðgangs, veitingu aðgangs og bilanastjórnun, og fastsetja þjónustustigsmarkmið og viðurlög við brotum á þessum þjónustustigum. Veiting innri aðgangs skal byggjast á sömu skilmálum og skilyrðum og eru í viðmiðunartilboði fyrir þriðju aðila sem eru umsækjendur um aðgang.

6. EFTIRLIT LANDSBUNDINNA STJÓRNVALDA

Landsbundin stjórnvöld skulu tryggja að meginreglu um jafngildi sé beitt á skilvirkan hátt. Í því skyni skulu þau tryggja að sé þess óskað verði viðmiðunartilboð um aðgang að byggingarverkfræðilega grunnvirkinu veitt þriðju aðilum sem eru umsækjendur um aðgang tímanlega. Einnig skulu landsbundin stjórnvöld tryggja, til viðbótar við skýrslur um þjónustustig, að rekstraraðilar með verulegan markaðsstyrk fylgist með öllum þáttum sem nauðsynlegir eru til að sannreyna hvort farið sé að kröfu um jafnan aðgang. Þær upplýsingar skulu gera landsbundnum stjórnvöldum kleift að hafa reglulegt eftirlit til að sannreyna að rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk veiti þriðja aðila sem óskar eftir aðgangi þær upplýsingar sem óskað er eftir og að aðferðum við röðun og veitingu aðgangs hafi verið beitt með réttum hætti.

Að auki skulu landsbundin stjórnvöld tryggja að fyrir hendi sé flýtimeðferð fyrir eftirámat til lausnar deilumála.

7. ÓSAMHVERFA Í UPPLÝSINGUM

Fyrirtæki sem fyrir er á markaði býr yfir vitneskju um útbreiðsluáætlanir þriðja aðila sem óskar eftir aðgangi. Til þess að koma í veg fyrir að slíkar upplýsingar verði notaðar til þess að öðlast ótilhlýðilegan ávinning, skal rekstraraðili með verulegan markaðsstyrk sem sér um rekstur byggingarverkfræðilega grunnvirkisins ekki deila slíkum upplýsingum með smásöluhluta sínum á fráliggjandi markaði.

Landsbundin stjórnvöld skulu a.m.k. tryggja að þeim sem sjá um smásöluhluta starfsemi rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk sé ekki heimilt að tilheyra því fyrirtækjaskipulagi rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk sem bera ábyrgð, beint eða óbeint, á því að stýra aðgangi að byggingarverkfræðilega grunnvirkinu.